


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Atvinnufræði ATF195 Kennsluáætlun Haust 2013	

Kennarar:	Harpa Jörundardóttir, Ómar Kristinsson	Sk.st.	HJD, ÓKR
------------------	--	---------------	----------

Áfangalýsing:

Áfanginn styðst við sex meginstoðir menntunar eins og þær koma fram í nýrri Aðalnámskrá framhaldsskóla – Læsi í viðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og skapandi starf.

Nemendur öðlast aukinn skilning á styrkleikum sínum, veikleikum og takmörkunum, bæði þegar kemur að atvinnu og í daglegu lífi. Veitt er innsýn í kjaramál og vinnumarkað, kynnt starfsemi stéttarfélaganna og starfsemi fyrirtækja sem nemendur velja að hluta til sjálfir. Farið er yfir hvaða skyldur starfsmenn þurfa að uppfylla varðandi mætingar, þagnarskyldu og fleira ásamt að skoða réttindi þeirra á vinnumarkaði, lífeyrismál, veikindarétt, orlofsgreiðslur og atvinnuleysistryggingar. Farið verður í ferli atvinnuleitar, gerð ferilskrár og hvernig starfsviðtöl fara fram. Nemendur fá einnig innsýn í íslenska menntakerfið og kynna sér nánar leiðir að hinum ýmsu störfum og þær hindranir og bjargir sem á leið þeirra kunna að verða.

Lokamarkmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:


- íslensku menntakerfi og þeim leiðum sem þar eru færar að ákveðnum markmiðum
- á helstu hugtökum, viðfangsefnum og orðfæri vinnumarkaðarins
- þeim grunngildum og siðferði sem ríkir á vinnumarkaði
- þeim þáttum sem móta atvinnulífið
- þýðingu stéttarfélaganna og þeim réttindum og skyldum sem launþegar og vinnuveitendur hafa hvor um sig.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- setja fram á skýran hátt og skapandi hátt efni og upplýsingar.
- notkun internets til upplýsingaleitar, uppbyggilegra samskipta og úrlausna verkefna af ýmsum toga.
- að skoða og meta ólíkt gildismat og viðhorf með tilliti til samhengis orsaka og afleiðinga.
- skipuleggja tíma sinn á raunhæfan hátt, hvort sem er gagnvart skóla, vinnu eða daglegu lífi.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- auðga og þroska samskiptahæfni sína, bæði í persónulegum samskiptum og við formlegri aðstæður.
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og geta sett sig í spor annarra.
- taka þátt í lýðræðislegri samræðu og samstarfi.
- meta sjálfan sig að einhverju leyti, bæði hvort viðkomandi treystir sér til að taka þátt í eða leysa verkefni og hvort það mat er raunhæft miðað við líkamlegt og andlegt ástand og þekkingu og reynslu af slíkum aðstæðum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Atvinnufræði ATF195 Kennsluáætlun Haust 2013	

Efnisþættir:

- Námsstækni og persónulegir eiginleikar. Hver og einn nemandi vinnur með sjálfan sig, og áhugasvið með viðtöl við umsjónarkennara og námsráðgjafa.
- Vinna með staðalmyndir og kynjuð störf.
- Tjáning og samskipti. Nemendur fá leiðbeiningar um tjáningu t.d. við þær formlegu aðstæður sem allir geta verið í, s.s. viðtöl við vinnuveitanda, samskipti við viðskiptavini og annað sem reynir á varðandi það að hafa eðlileg samskipti við samstarfsfólk.
- Gerð ferilskrár. Nemendur vinna að og geta útbúið stutt yfirlit um sjálf sig, nám sitt og störf með það að markmiði að geta útbúið ferilskrá fyrir starfsumsókn.
- Heimsóknir til stéttarfélags og fræðsla um starfskjör og réttindi. Skyldur starfsmanna og skráðar og óskráðar reglur um mætingar, ástundun og vinnubrögð.
- Vinnustaðakynning. Heimsóknir í fyrirtæki; álitleg fyrirtæki valin fyrir hvern nemanda og unnið að því að finna hverjum og einum pláss í vinnustaðanámi fyrir áfangann ATF295.
- Kynning á bóklegum og verklegum hluta öku- og vinnuvélaréttindanáms.
- Öryggisfræði og velferð.
- Heimsókn til björgunarsveitar. Þar verði reynt að sýna nemendum og leyfa þeim að upplifa krefjandi verkefni, ekki endilega bara líkamlega krefjandi heldur líka eitthvað sem reynir á þor og útsjónarsemi.
- Kynning á vinnustaðanámi og hvernig það er sett upp. Dagskrá ATF295 á vorönn kynnt. Fyrirkomulag, skilaverkefni, til hvers er ætlast af hverjum.

Kennsluefni:

Allt efni kemur frá kennara.

Námsmat og vægi námsþátta:

Mæting og ástundun	20%	Moodle- ferilskrá	10%
Verkefni um menntun	15%	Verkefni í tímum	20%
Vinnuskýrslur	10%	Atvinnuviðtal og undirbúningur	10%
Mat á vinnustaðaheimsókn	5%	Kynning á vinnustað	5%
Sjálfsmat	5%	Samtals:	100%

Mætingar eru metnar út frá eftirfarandi kvarða* (mætingar % = einkunn):

97 – 100 % = 10	94 – 96,9 % = 9	91 - 93,9 % = 8	88 – 90,9 % = 7
84 – 87,9 % = 6	80 - 83,9 % = 5	75 – 79,9 % = 4	70 – 74,9 % = 3
65 – 69,9 % = 2	< 65 % = 0	* Tekið er tillit til tilkynnta fjarvista við mat á mætingum	

Dagsetning: 24. september 2013

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils